

**Ed.**

**259. Nefndarálit**

um frv. til laga um bókasöfn prestakalla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin fellir sig vel við þá breytingu eða viðbót, sem hv. Nd. gerði við 1. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir, að bókasöfn þessi megi stofna engu síður með bókaþjófum en bókaþjófum.

Hinsvegar virðist nefndinni það augljóst mál, að 4000 kr. árstekjur muni hrökkva skammt til bókaþjófna handa rúmum 100 prestaköllum, og því minni ástæða til þess að skerða fjárupphæð þessa, með því að taka af henni kostnaðinn við störf bókanefndar, eins og ráðgert er í 4. gr. frv.

Kaupstaðaprestaköllum virðist raunar ekki vera brýn nauðsyn á þessum styrk, en með því að frv. mælir skýrt fyrir um það, að afskekktu prestaköllin skuli ganga fyrir um styrkinn, og ástæðulaust er að hamla því, að bókasöfn kaupstaðaprestakalla verði stofnuð að lögum með bókaþjófum, virðist meiri hl. óþarft að breyta nokkru í þessu atriði.

Þar sem meiri hluti nefndarinnar vill ekki tefja fyrir málinu með breytingartillögum, leggur hann það til, að hv. Ed. samþykki frv. svo sem það nú liggur fyrir. Minni hlutinn (EF) áskilur sér rétt til breytinga.

Alþingi, 24. marz 1931.

Jón Jónsson,  
form.

Guðrún Lárusdóttir,  
frsm.

Erlingur Friðjónsson,  
fundaskrifari; með fyrirvara.